


12. apríl 2021

Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2022–2026. 627. mál – 151. löggjafarþing

Í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2022–2026 er gert ráð fyrir kröftugri viðspyrnu efnahagslífsins í kjölfar kófsins. Boðað er að meginmarkmið stjórnvalda verði stuðningur við vöxt efnahagsins meðan þörf krefur, miðað við fyrirliggjandi þjóðhagsspá, en um leið verði vöxtur hlutfalls skulda hins opinbera af landsframleiðslu stöðvaður í árslok 2025. Bandalagið hvetur stjórnvöld til að huga betur að fórnarskiptum sjálfbærni og getu til að vinna gegn samfélagslegum áskorunum á árunum 2023–2026. Þar ber sérstaklega að horfa til áhrifa mögulegs langtímaatvinnuleysis fyrir velferð á árunum 2023–2026 og áhrifa afkomubætandi ráðstafana á efnahagslegan stöðugleika.




Stór samfélagsleg verkefni bíða stjórnvalda

Efnahagsáfallið vegna kófsins hefur verið þyngra hér á landi en víðs vegar annars staðar m.a. vegna hárrar hlutdeildar ferðapjónustu í landsframleiðslu. Ef hagspáin sem liggur til grundvallar áætluninni gengur eftir næst þjóðhagslegt jafnvægi fyrst árið 2023 en með hærri jafnvægisatvinnuleysi en áður. Langtímaatvinnuleysið er stærsta viðfangsefnið framundan.



Heimild: OECD og Hagstofa Íslands.

Atvinnuleysi er mjög mismunandi eftir landssvæðum en til dæmis má nefna að atvinnuleysisdagar á Suðurnesjum námu samtals 1.950 mannaárum á árinu 2020. Verulegar blikur eru þá á lofti hvað varðar atvinnuleysi ungs fólks nú um stundir ekki síst meðal háskólamenntaðra en fjöldi háskólamenntaðra á atvinnuleysisráðum hefur nær fimmfaldast á síðustu þremur árum. Háskólamenntuðum sem skráðir eru án atvinnu hefur fjölgað nokkuð hraðar en fólki í öðrum menntunarhópum sem þannig er ástatt um.




Heimild: Vinnumálastofnun

Áhrif langtímaatvinnuleysis á mannauð eru vel þekkt en hætt er við að framleiðsla hagkerfisins skaðist varanlega ef stjórnvöld grípa ekki til sértækra aðgerða til að stemma stigu við áhrifum langtímaatvinnuleysis á velferð á árunum 2023-2026. Þar ber sérstaklega að horfa til þeirra landsvæða og hópa sem verst hafa komið undan kófinu.

Fórnin milli efnahagslegs stöðugleika og sjálfbærni

Í áætluninni er eitt meginmarkmiðið sagt vera að stöðva vöxt skuldahlutfallsins eigi síðar en árið 2025. Gert er ráð fyrir beitingu almennrar aðhaldskröfu upp á u.þ.b. 2 ma.kr. árlega árin 2023–2025. Er þá einnig gert ráð fyrir sérstökum afkomubætandi ráðstöfunum upp á 32 ma.kr. á ári í þrjú ár. Á árinu 2026 er svo fyrirhugað að fjármálareglur taki gildi nýjan leik. Þær kveða á um að 1/20 af skuldum hins opinbera umfram 30% af VLF skuli lækka á hverju ári og að heildarjöfnuður hins opinbera yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður. Árlegur halli megi þá aldrei vera meiri en 2,5% VLF.

BHM telur að lög um opinber fjármál hafi stuðlað að ýmsum nauðsynlegum umbótum í umgjörð fjármálastjórnunar á Íslandi. Telur bandalagið þó brýnt að kannað verði hvort viðmið fjármálastefnu og fjármálaáætlunar hvað varðar afkomu og skuldsetningu hins opinbera (fjármálareglur) séu óþarflega íþyngjandi ef tryggja á efnahagslegan stöðugleika á næstu árum. Ef viðspyrnan á árunum 2023-2025 verður veik mun reynast veruleg áskorun að uppfylla markmið áætlunarinnar um stöðvun vaxtar skuldahlutfalls á sama tíma og unnið er gegn þeim samfélagslegum áskorunum sem nefndar eru að ofan. Hætt er við að stjórnvöld fórnir efnahagslegum stöðugleika og aðgerðum til að tryggja velferð þeirra sem verst koma undan kófi í nafni sjálfbærni á árunum 2023-2025. Vissulega skiptir sjálfbærni fjármála hins opinbera miklu til lengri tíma en varasamt er að geta stjórnvalda til sveiflujöfnunar á árunum 2023-2025 takmarkist um of af stöðvun vaxtar skuldahlutfalls. Huga þarf þá almennt að því hvað tekur við að loknum gildistíma áætlunarinnar í samhengi við sjálfbærni opinberra skulda og hagstjórnarhlutverk opinberra fjármála. Hafa ber hér í huga að íslenska hagkerfið hefur búið við mun meiri óstöðugleika undanfarinn aldarfjórðung en önnur lönd sem búa við svipað velferðarstig. Staðalfrávik hagsveiflna (hagvaxtar á mann) var á árunum 1996–2020 þannig tvöfalt á við Svíþjóð og Danmörku og nær þrefalt á við Noreg. Ísland skipar sér í hóp með fyrrum Austantjaldslöndum og vanþróaðri ríkjum þegar horft er til þessa mælikvarða.




Heimild: Eurostat.

Stjórnvöld í spennutreyju við útfærslu afkomubætandi ráðstafana

Stór hluti tekna ríkissjóðs kemur nú frá tekjuskatti atvinnutekna. Þegar horft er til útfærslu afkomubætandi ráðstafana og hækkunar tekjuskatts á háskólamenntaða í því samhengi þurfa stjórnvöld almennt að huga að því hvaða skaðlegu áhrif þær hækkningar gætu haft á samkeppnishæfni mannaúds á Íslandi til framtíðar. Hafa ber hér í huga að hvati til háskólamenntunar sem m.a. birtist í mun milli ráðstöfunartekna háskólamenntaðra og grunnskólamenntaðra á neyslueiningu var **minnstur á Íslandi í Evrópusamanburði á árinu 2018**. Krónutöluhækkningar lífskjarasamningsins, lágtekjumiðað barnabótakerfi og skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar á árunum 2018–2020 hafa rýrt þann mun enn frekar.

Hér ber einnig að líta til þess að samkvæmt tölum Hagstofunnar hækkuðu atvinnutekjur einstaklinga með grunnenntun um 39% á tímabilinu 2009 til 2019, meðan atvinnutekjur háskólamenntaðra jukust um 20%. Afar brýnt er að tryggja að launakjör háskólamenntaðra dragist ekki meira aftur úr þegar kjarasamningar losna á vinnumarkaði á tíma fjármálaáætlunar.

Huga verður almennt að meira jafnvægi milli skattlagningar vinnuafls og fjármagns í íslensku hagkerfi á næstu árum en jafnvægið verður þeim mun mikilvægara í ljósi áskorana fjórðu iðnbyltingarinnar hvað varðar jöfnuð og skilvirkni. Er það visst áhyggjuefni í þessu sambandi að margir tekjustofnar hafa verið rýrðir á núverandi kjörtímabili m.a. tryggingagjald, fjármagnstekjuskattur og erfðafjárskattur.



*18-64 ára, munur á meðaltali ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Heimild: Eurostat.

BHM geldur þá varhug við því að skorið verði niður í velferðar- og heilbrigðisþjónustu á næstu árum til að tryggja sjálfbærni í fjármálum hins opinbera.

Horft til framtíðar

Stjórnvöld þurfa almennt að huga heildstætt að því hvaða áhrif aðgerðir þeirra hafa á samkeppnishæfni atvinnulífsins á næstu árum. Nú þegar hefur verið sett metnaðarfull stefna um eflingu nýsköpunar á Íslandi, m.a. með ríkulegum nýsköpunarstyrkjum til fyrirtækja. Hætt er við að markmið um hagvöxt drifinn áfram af nýsköpun og fjölbreyttum atvinnuvegum raungerist ekki ef þau sem sækja sér menntun uppskera ekki ábata í samræmi við kostnað. Vöxtur ferðaþjónustu kann að verða grundvöllur efnahagsbata á næstu árum eins og boðað er í framlagðri áætlun en efling mannaúts á Íslandi verður grundvöllur framfara á áratugnum.

Fyrir hönd BHM,



Vilhjálmur Hilmarsson
Hagfræðingur BHM



Jóhann Gunnar Pórarinnsson
Formaður BHM